

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 121 (1.7.2024) - Aðalskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Hafnarsvæði

Málsnúmer : 202106009
Málsaðili : Hafnir Múlaþings
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 01.07.2024

Inngangur : Vinnslutillaga fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna stækkunar á hafnarsvæði Seyðisfjarðar og nýju safnasvæði var kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 16. apríl 2024.
Fyrir liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma og viðbrögð við þeim, auk uppfærðrar skipulagstillögu þar sem brugðist hefur verið við ábendingum.

Niðurstaða : Í upphafi máls nr. 2 vakti formaður (JB) máls á mögulegu vanhæfi sínu undir liðum 2 og 3 sem framkvæmdastjóri Tækniminjasafns Austurlands og fól varaformanni (PB) stjórn fundarins. JB gerði grein fyrir vanhæfi sínu og bar PB upp tillögu til atkvæðagreiðslu. Vanhæfið var samþykkt samhljóða og vék formaður af fundi við umræðu og afgreiðslu beggja mála.

Vinnslutillaga fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna stækkunar á hafnarsvæði Seyðisfjarðar og nýju safnasvæði var kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 16. apríl 2024.
Fyrir liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma og viðbrögð við þeim, auk uppfærðrar skipulagstillögu þar sem brugðist hefur verið við ábendingum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við byggðaráð, sem fer með heimild til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi sveitarstjórnar, að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.